

F37 Kjalvegur:

Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Bláfellsháls, Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F78 Skagafjarðarleið:

Af Eyjafjarðarleið (F82) vestan Kiðagilsdraga um Laugarfell yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Skagafjarðarveg (752) hjá Giljum (66 km).

F82 Eyjafjarðarleið:

Af Sprengisandsleið (F28) norðan Fjórðungsvatns um Eyjafjarðardal á Eyjafjarðarbraut vestri (821) hjá Hólsgærði (53 km).

F92 Gæsavatnaleið:

Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Uppþypplingum, yfir brú á Kreppu um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

Samgönguráðuneytið, 8. júní 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.

30. maí 1979.

Nr. 67.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við G 1. í 3. gr. laganna komi nýr liður:

G 2. A. Á tímabilinu frá 1. sept. til 30. nóv. er skipum, sem eru 20 m að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu utan línu sem dregin er 4 mílur utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindu svæði:

Á svæði, sem afmarkast af línunum réttvísandi 315° frá $66^\circ 23'6''$ N — $23^\circ 24'5''$ V og réttvísandi 0° (360°) frá $66^\circ 31'7''$ — $23^\circ 01'0''$ V.

B. Á tímabilinu frá 1. okt. til 30. nóvember er skipum, sem eru 20 m að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu utan línu sem dregin er 4 mílur utan við viðmiðunarlínu á eftirgreindu svæði:

Á svæði, sem afmarkast af línu réttvísandi 300° frá punkti $65^\circ 51'5''$ N — $24^\circ 13'0''$ V og $66^\circ 04'8''$ N og $23^\circ 57'0''$ V.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Kjartan Jóhannsson.